

Erindi nr. Þ 119152
komudagur 616 1995

Neytendasamtökin

Fréttatilkynning

1. júní 1995

GATT frumvarpið þjónar ekki hagsmunum neytenda

Neytendasamtökin minna á að tilgangurinn með nýja GATT samningnum með landbúnaðarvörur er að örva viðskipti og þar með samkeppni með þessar vörur. Ljóst er hins vegar að ef frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (áður GATT) verður samþykkt óbreytt, munu neytendur hafa sáralítinn ávinning af þessum samningi. Máli sínu til stuðnings benda Neytendasamtökin á eftirfarandi:

1. Þær vörur sem leyft verður að flytja inn á lágmarkstollum (3-5% af neyslu), munu samt bera það háan toll að útsöluverð þeirra verður í lang flestum tilvikum mun hærra en á innlendum vörum.

2. Miðað við þá háu tolla sem íslensk stjórnvöld áskildu sér í GATT tilboði sínu, gætu þeir tollar sem leggja á samkvæmt frumvarpinu á innflutning umfram lágmarksaðganginn, virtst mjög lágir. Engu að síður eru þeir það háir, að ekki verður um neinn innflutning að ræða og því enga samkeppni við innlendar vörur.

3. Samkvæmt GATT samningnum eiga tollar að lækka að meðaltali um 36%, en þó aldrei minna en 15% á einstökum vörutegundum. Nú liggur hins vegar fyrir að tollarnir verða ekki lækkaðir frá því sem kveðið er á um í frumvarpinu. Það er gert á þeirri forsendu að íslensk stjórnvöld hafi þegar lækkað tollana miðað við upphaflegt tilboð sitt.

Neytendasamtökin hafa talið eðlilegt að GATT samningurinn verði framkvæmdur þannig að á lágmarksinnflutninginn verði lagðir það lágir tollar á innflutningsverð vörunnar, að neytendur sjái mun á verðlagi þessara vara hér á landi borið saman við önnur lönd. Á innflutning umfram það verði lagðir tollar sem geri innfluttu vöruna jafndýra þeirri innlendu. Á þann hátt verði tryggt að GATT samningurinn skili neytendum árangri þegar í upphafi og veiti innlendum landbúnaði eðlilega samkeppni og aðhald.

Það er þó lágmarkskrafa að tollar verði þannig nýttir að verð þeirra vara sem fluttar verða inn samkvæmt lágmarksinnflutningnum verði ekki hærra en á innlendum vörum. Jafnframt að staðið verði að fullu við ákvæði um tollalækkanir á samningstímanum. Með því yrði m.a. tryggt að neytendur fengju einhvern ávinning af þessum samningi. Jafnframt myndi verða knúið á um hagræðingu innanlands. Neytendasamtökin minna á að slík hagræðing er vel möguleg, bæði í frumframleiðslunni og hjá milliliðum. Slík hagræðing myndi jafnframt auka sóknarfæri íslensks landbúnaðar á erlendum mörkuðum. Hér er því í raun um að ræða sameiginlegt hagsmunamál neytenda og íslensks landbúnaðar.

Innland heildsóluverð

~~Hæðir~~ = 100

Heildsóluverð

Heildsóluverð

			Innflutt	Innflutt	Innflutt			Innflutt	Innflutt	Innflutt
			m/lág-	m/há-	umfram			m/lág-	m/há-	umfram
		Inn-	marks-	marks-	lág-		Inn-	marks-	marks-	lág-
		flutt	tolti	tolti	marks-		flutt	tolti	tolti	marks-
	Inn-	verð	skv. Gatt	skv. Gatt	aðgang	Inn-	verð	skv. Gatt	skv. Gatt	aðgang
	lent	án	tilboði	tilboði	skv. frum-	lent	án	tilboði	tilboði	skv. frum-
	verð	tolla	Íslands	Íslands	varpi	verð	tolla	Íslands	Íslands	varpi
Svinakótilettur	100	55	147	344	166	824	453	1214	2831	1364
Svinalæri m/beini	100	35	93	218	150	480	167	448	1044	721
Svinalundir	100	70	187	436	204	1050	732	1962	4575	2147
Svinagúllas	100	40	108	252	160	950	383	1026	2394	1520
Nautahakk	100	68	152	323	173	600	408	909	1936	1040
Nautagúllas	100	56	121	253	144	851	480	1032	2155	1223
Nautafilé	100	56	120	252	152	1285	720	1548	3233	1950
Nautalundir	100	61	131	275	159	1845	1128	2425	5065	2928
Lambalæri	100	50	114	246	130	595	300	681	1461	772
Lambahryggur	100	75	169	363	161	595	444	1008	2162	959
Lambakótilettur	100	89	201	432	178	609	540	1226	2630	1084
Kókómjólk	100	73	89	141	139	83	61	74	117	115
Egg	100	24	60	136	124	262	63	157	357	325
Kjúklingur	100	31	77	172	124	524	162	403	899	650
Kalkúnn	100	23	60	135	116	703	162	420	948	814
Brauðostur	100	66	189	441	165	545	360	1030	2401	898
Gouda ostur	100	64	184	429	160	560	360	1030	2401	898
Brie ostur	100	73	208	485	146	986	720	2052	4781	1436
Smjör	100	80	254	608	340	265	213	673	1612	900

NEYTENDASAMTÖKIN